

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 2. september 2020.

Staður: Skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.17.05 og lauk kl.18.45.

Mættir: Hrafnkell Marínósson, Aðalsteinn Valdimarsson, Karl Georg Klein, Viðar Halldórsson, Ragnar Hilmarsson, Magnús Gunnarsson og Hörður Þorsteinsson. Forföll: Sveinn Sigurbergsson og Kristinn Arason.

Dagskrá:

1. Tillaga að fundum ÍBH september 2020 – maí 2021

Stjórnarfundir ÍBH 2. september kl.17.00, 7. október kl.16.30, 4. nóvember kl. 16.30, jólafundur 27. nóvember kl. 16.30 og kvöldfundur kl. 20.00, 6. janúar kl. 16.30, 3. febrúar kl. 16.30, 3. mars kl. 16.30, 7. apríl kl. 16.30, 19. maí kl. 16.30. Fulltrúaráðsfundur fimmtudaginn 19. nóvember kl. 17.00-19.00. Þing ÍBH 15. maí kl. 10.00-14.00.

2. Aðgangur fyrir meistaraflokksmenn að sundstöðum

„Bæjarráð samþykkir að veita leikmönnum meistaraflokka í karla- og kvennaflokki sem leika með hafnafirskum liðum frían aðgang að sundlaugum bæjarins í eitt ár“
Verkefnið hófst 1. júlí sl. Stjórn ÍBH fagnar stuðningi Hafnarfjarðarbæjar við meistaraflokksstarf félaganna.

3. Nýr fræðslubæklingur ÍSÍ - Trans börn og íþróttir

Lagður fram til kynningar og umræðna.

4. Upplýsingar um peningaupphæðir fyrir titil íþróttakarlar og íþróttakona sveitarfélags

Lagt fram til kynningar og umræðna.

5. Rafrænir reikningar Hafnarfjarðarbæjar

Lagt fram til upplýsinga.

6. Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðar 2021 – Búnaður og viðhald

Lagt fram til kynningar og umræðna. Skilafrestur á forgangsröðuðum listum er 10. september nk.

7. Vernda barnatryggingar frá Tryggja

Lagt fram til kynningar og umræðna. Frekari kynningar afþakkaðar.

8. Tillaga um nefndarlaun stjórnar ÍBH september 2020 til maí 2021

Samþykkt að hafa nefndarlaun óbreytt.

9. Íþróttafélög og heimasíður

Farið yfir athugasemdir sem bárust vegna heimasíðu ÍBH og tenginga á heimasíður / facebooksíður aðildarfélaga. Upplýsingagjöfin verður lagfærð næstu daga.

10. Samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsstarfs

Lagt fram til kynningar og vakin athygli á heimasíðunni www.samskiptaradgjafi.is. Aðildarfélögin eru hvött til þess að kynna heimasíðuna og upplýsingar á henni um þá þjónustu sem stendur til boða í félögunum.

11. Nefndir stjórnar ÍBH 2019-2021

Farið yfir starfandi nefndir og stöðu mála.

12. Samningur milli ÍBH, Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar

Rennur út í árslok. Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram í málinu.

13. Aðildarumsókn að ÍBH

Tennisfélag Hafnarfjarðar sendi ÍBH bréf 20. júlí 2020 ásamt fylgiskjölum og óskar eftir inngöngu í ÍBH. Inngangan samþykkt og að inntökugjald sé kr. 50.000.

14. Önnur mál

a). MG óskaði eftir því að ÍBH myndi rita bæjaryfirvöldum bréf þar sem alvarleg staða félaganna vegna Covid yrði rædd og að sameiginlega yrði reynt að vinna að úrbótum.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.